

4. fundur ferðamálaráðs.

Haldinn í samgönguráðuneytinu 26. apríl 2006 kl. 13:30.

Mættir:

Einar Oddur Kristjánsson (EOK) formaður, Dagný Jónsdóttir (DJ), Gunnar Már Sigurfinnsson (GMS), Lára B. Pétursdóttir (LBP), Sævar Skaptason (SS), Dóra Magnúsdóttir (DM), Pétur Rafnsson (PR), Gunnar Sigurðsson (GS), Magnús Oddsson (MO) og Helga Haraldsdóttir (HH) sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar ferðamálaráðs samþykkt.

2. Vefmál

SS kynnti nýjan bókunarvef Ferðapjónustu bænda. Umræður spunnust um stöðu bókunarvefja og hlutverk opinberra aðila varðandi uppsetningu þeirra og rekstur. Ráðsmenn voru sammála um það að efla bæri vef Ferðamálastofu og bauðst MO til að senda ráðinu mat stofnunarinnar á stöðunni.

3. Landkynning á vegum utanríkisráðuneytisins

Fulltrúi utanríkisráðuneytis, Sigríður Á. Snævarr sendiherra, kom á fundinn og kynnti landkynningu í íslenskum sendiráðum.

Í kjölfarið fóru fram umræður um starfsemi sendiráða, hlutverk viðskiptafulltrúa og samstarf ferðapjónustunnar við sendiráðin. GMS lýsti áhuga á að lækka rekstrarkostnað við landkynningu til að auka beint framlag til markaðsmála.

4. Markaðsskrifstofur í Evrópu

Þessum lið var frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál

PR spurðist fyrir um þóknun til ráðsmanna en í skipunarbréfi kemur fram að þóknun til fulltrúa í ferðamálaráði verði metin af þóknananefnd fjármálaráðuneytis. HH gerði grein fyrir því að þóknun yrði metin í árslok.

Fundi slitið kl. 15:15. Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 8. maí kl. 14.00 í samgönguráðuneytinu.